

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 17/96
frá 26. mars 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
14/96 frá 4. mars 1996⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði
fyrir sætuefni til notkunar í matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 78/663/EBE) í XII. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- 395 L 0031: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 (Stjtið. EB
nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 1).“.

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 46. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/107/EBE) í
XII. kafla II. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 1.

„46a. 395 L 0031: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB frá 5. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtið. EB nr. L 178, 28. 7. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner